


ka sinna.

lsstaðir:


k eftir Tolla

r eftir Guðnýju

ustu þrjár einkasýningar hans voru allar erlendis. Ein í Seoul í Kóreu um leið og ólympíuleikarnir stóðu yfir 1988 og í fyrra sýndi hann bæði í Kaupmannahöfn og í Uppsölum í Svíþjóð. Sýning Tolla stendur til 11. febrúar.

Í vesturforsal sýnir Guðný Magnúsdóttir skúlptúr og veggmyndir úr leir. Verkin eru unnin á síðasta ári. Þetta er sjötta einkasýning Guðnýjar og sú fjórða í Reykjavík en tvær einkasýningar hélt hún í Helsinki þar sem hún starfaði í fjögur ár, 1981–1985.

Guðný hefur tekið þátt í fjölda samsýninga á Íslandi, Norðurlöndunum, í Frakklandi, Japan og Bandaríkjunum. Sýning Guðnýjar er opin til 11. febrúar.



úlptúr eftir hana.

Múrristur í sparisjóðnum

Í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Álfabakka 14 í Breiðholti, verður opnuð sýning á múrristum eftir Gunnstein Gíslason á sunnudaginn kl. 14.

Gunnsteinn Gíslason er fæddur 13. september 1946. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1963–67 í kennaradeild og frjálsri myndlist. Hann innritaðist í Edinburg College of Art 1967 og lagði stund á veggmyndagerð og glerhönnun. Hann kom heim 1969 og setti upp vinnustofu í Reykjavík auk þess sem hann kenndi myndlist.

Haustið 1972 hóf Gunnsteinn nám í kennslugreinum myndmennta við Konstfackskolan TI í Stokkhólmi og lauk þaðan prófi 1975. Þá var hann ráðinn kennari og deildarstjóri við myndlistardeild Fjölbrautaskólans í Breiðholti. 1988 var hann settur lektor við Kennaraháskóla Íslands.

Gunnsteinn hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýningin að Álfabakka 14 mun standa yfir til 27. apríl og verður opin frá mánudegi til föstudags frá kl. 9.15–16.00.


Einar Jóhannesson og Philip Jenkins á tvennum tónleikum

Einar Jóhannesson klarínettuleikari og Philip Jenkins píanóleikari munu leika á tvennum tónleikum um helgina, aðrir verða í Borgarnesi, en hinir í Reykjavík. Á laugardaginn kl. 16 munu þeir félagar leika í Borgarneskirkju á vegum Tónlistarfélags Borgarfjarðar. Eru þetta þriðju tóleikar félagsins á þessu starfsári.

Á sunnudaginn munu þeir svo halda tónleika í Íslensku óperunni á vegum Tónlistafélags Reykjavíkur og hefjast þeir kl. 17.

Báðir eru þessir listamenn vel þekktir. Auk þess að vera 1. klarínettuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands og leika í Blásarakvintett Reykjavíkur verður Einar á ferðinni á næstunni í Evrópu og Bandaríkjunum þar sem hann mun leika bæði með hljómsveitum og á einleikstónleikum.

Síðan Philip Jenkins flutti frá Akureyri aftur til Bretlands 1972 hefur hann starfað sem prófessor í píanóleik við Royal Academy of Music í London, auk tónleikahalds. Nýlega tók hann við píanódeildinni í Konunglega skoska tónlistarháskólanum í Glasgow. Hann hélt síðast hér tónleika 1987 þá með Guðnýju Guðmundsdóttur.



Einar Jóhannesson, sem ásamt Philip Jenkins mun halda tónleika í Borgarneskirkju og Íslensku óperunni um helgina.

Norræna húsið:

Kvikmyndasýning og fyrirlestur um vetrarstríðið í Finnlandi

Um þessar mundir eru liðin fimmtíu ár frá því vetrarstríðið var háð í Finnlandi 1939–40. Undanfarin ár hefur verið unnið að rannsóknum á vetrarstríðinu og nýjar niðurstöður hafa nýlega verið birtar. Auk þess var frumsýnd kvikmynd sem gerð var eftir skáldsögu finnska rithöfundarins Antti Tuuri, Talvisota, undir íslenska heitinu Vetrarstríðið. Hefur sú kvikmynd vakið mikla athygli.

Á sunnudaginn kl. 16 mun Jarl Kronlund liðsforingi, hernaðarsagnfræðingur frá Helsinki, halda fyrirlestur í Norræna húsinu um vetrarstríðið. Kronlund stundar rannsóknir við sagnfræðistofnun liðsforingjaskólans í Helsinki. Eftir fyrirlesturinn verður sýndur tuttugu mínútna langur útdráttur úr fyrrnefndri kvikmynd.

Húnvetningafélagið

Félagsvist spiluð laugardaginn 27. janúar kl. 14 í Húnabúð, Skeifunni 17. Allir velkomnir.

10 ára afmæli íslenska kvikmyndavorsins

Áratugur er liðinn frá frumsýningu fyrstu íslensku kvikmyndarinnar í hinu svokallaða „kvikmyndavori“, eða frá því að samfelld kvikmyndagerð hófst í landinu. Í tilefni þess hyggst Félag kvikmyndagerðarmanna efna til ráðstefnu í „Rúgbrauðsgerðinni“, Borgartúni 6, í dag kl. 17. Á ráðstefnunni verður horft yfir farinn veg og reynt að meta stöðu íslensku kvikmyndarinnar í dag. Ávörp á ráðstefnunni flytja: Þorsteinn Jónsson, form. Félags kvikmyndagerðarmanna, Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, Ágúst Guðmundsson, form. Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Þráinn Bertelsson kvikmyndagerðarmaður og Svavar Gestsson menntamálaráðherra.

Safnaðarkvöld í Laugarneskirkju

Í kvöld, 26. janúar, kl. 20.30 verður almennt safnaðarkvöld í safnaðarheimili Laugarneskirkju. Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup flytur erindi er hann nefnir: Sorgin og trúin. Einnig mun strengjakvartett úr Tónlistarskólanum í Reykjavík spila verk eftir Mozart. Boðið verður upp á laffi. Kvöldinu lýkur með stuttri helgistund í kirkjunni.



Fyrsta hestamót ársins

Fyrsta hestamannamót ársins verður haldið á Hellu laugardaginn 27. janúar kl. 14. Mótið er nefnt „Vetrarmót Geysis“ og er fyrirkomulag þess með nýstárlegu sniði því það er stigamót þar sem keppnishestar safna stigum á fimm mótum sem haldin verða í janúar, febrúar, mars, apríl og maí. Á hverju móti verða veittir 10 verðlaunapeningar og þrír efstu hestar á öllum mótunum fá veglega verðlaunabikara auk þess sem eigandi efsta hestsins fær folald í verðlaun. Það er hrossaræktarbúið á Árbakka á Landi sem gefur folaldið. Keppt verður í tölti með útsláttarfyrirkomulagi, þannig að loks verður bestu hestunum raðað í sæti eitt til tíu. Að auki er svo ætlunin að keppa einnig í skeiði og í barnaflokki en þar verður ekki um stigasöfnun að ræða milli móta. Vetrarmót Geysis er bundið við að keppnishestar verði í eigu félagsmanna en knapar mega koma hvaðanæva að.

Íslandsgangan 1990

Skógargangan sem er fyrsta keppnin í „Íslandsgöngunni“ fer fram á Egilsstöðum nk. laugardag, 27. janúar, kl. 13. Gengnir verða 20 km með hefðbundinni aðferð. Einnig verður boðið upp á 10, 5 og 2,5 km. hringi. Hér er um að ræða trimmkeppni fyrir almenning og eru verðlaun veitt fyrir flokka kvenna og karla 17–34 ára, 35–49 ára og 50 ára og eldri. Allir þátttakendur fá viðurkenningu. Skráning og nánari upplýsingar í símum 97-11891 og 97-11470. Það er UÍA sem stendur að Skógargöngunni, sem nú er haldin í 5. sinn. Íslandsgangan er röð 5 trimmkeppna á gönguskíðum fyrir almenning og eru næstu göngur þessar: 17. feb. Fjarðargangan, Ólafsfirði, 10. mars Lambagangan, Akureyri, 24. mars Bláfjallagangan, Reykjavík, og 5. maí Fossavatnsgangan, Ísafirði. Stig þátttakenda eru reiknuð út eftir hverja göngu og eru bikarverðlaun veitt fyrir bestan samanlagðan árangur eftir veturinn í fyrrgreindum flokkum. Þátttaka í þremur göngum nægir til þess að vera fullgildur í bikarkeppninni.

Kristniboðskynning í Breiðholtskirkju

Sunnudaginn 28. janúar verður í Breiðholtskirkju í Mjódd kynning á starfi Sambands íslenskra kristniboðsfélaga. Munu hjónin Valdís Magnúsdóttir og sr. Kjartan Jónsson kristniboðar annast þessa kynningu en þau eru nú í ársleyfi eftir að hafa starfað í Kenýa í fjölda ára. Barnaguðsþjónusta verður kl. 11 og mun Valdís þá koma í heimsókn og segja börnunum frá, sýna myndir og kenna söngva frá Kenýa. Guðsþjónusta verður síðan kl. 14. Mun sr. Kjartan þá predika og barnakór kirkjunnar syngur. Að guðsþjónustunni lokinni sýna þau síðan myndir frá kristniboðsstarfinu og svara fyrirspurnum. Einnig verður sýning á myndum og munum frá kristniboðsakrinum í anddyri kirkjunnar.

Kvikmyndasýning og fyrirlestur um vetrarstríðið í Finnlandi

Sunnudaginn 28. janúar kl. 16 mun Jarl Kronlund liðsforingi, hernaðarsagnfræðingur frá Helsinki, halda fyrirlestur í Norræna húsinu um vetrarstríðið. Jarl Kronlund stundar rannsóknir við sagnfræðistofnun liðsforingja-skólans í Helsinki. Eftir fyrirlesturinn verður sýndur u.þ.b. 20 mínútna langur úrdráttur úr kvikmyndinni Vetrarstríðið eftir sögu Antti Tuuri.

Smekkleysukvöld

Smekkleysukvöld verður haldið á Hressó í kvöld, 26. janúar, kl. 23. Fram koma hljómsveitirnar Bless, Ham og Bootlegs. Miðaverð kr. 500.

Tónleikar

Ljóðatónleikar í Gerðubergi

Eins og menn mun gekk yfir fárviðri mánudaginn 8. janúar. Þetta kvöld voru ljóðatónleikar í Gerðubergi og vegna fjölda tilmæla hefur verið ákveðið að verða við þeirri áskorun að endurtaka *ljóðatónleikana laugardaginn 27. janúar* kl. 15. Um er að ræða þriðju tónleika í ljóðatónleikaröð sem haldin er á vegum Gerðubergs nú í vetur. John Speight, baríton syngur við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Fluttur verður lagaflokkur eftir B. Britten svo og sönglög eftir Purcell, H. Wolf, F. Schubert, R. Schumann, C. Ives o.fl.

Ferðalög

Ferðafélag Íslands

Þorrablót í Þórsmörk
2.–4. febrúar.
Kynnist Mörkinni í vetrarbúningi. Skipulagðar gönguferðir á daginn. Þorrablót og kvöldvaka á laugardagskvöldinu. Siðamaður: Árni Björnsson. Fararstjórar: Hilmar Þór Sigurðsson og Kristján M. Baldursson. Afbragðs gistiaðstaða í Skagfjörðsskála, Langadal. Verið með í fyrstu þorrablótsferðinni í Þórsmörk. Pantið strax. Farmiðar á skrifst.
Sunnudagsferðir 28. jan. kl. 13
A. Hraun – Grindavík – Staðarhverfi.
Létt og fróðleg ganga milli gömlu hverfanna: Þórkötlustaða – Járngerðarstaða og Staðarhverfis. Staðkunnugur heimamaður slæst í hópinn og fræðir um sitthvað sem ber fyrir augu. Rútan fylgir hópnum. Áð við Bláa lónið á heimleið. Verð 1000 kr., frítt f. börn m. fullorðnum. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin, (í Hafnarf. v/Kirkjug.).
B. Skíðaganga á Hellisheiði.
Nú er um að gera að dusta rykið af gönguskíðunum og drífa sig með. Hreyfing og útivera með Ferðafélaginu er ein besta heilsubótin. Verð 800 kr. Brottför frá Umferðarmiðstöðinni, austanmegin.

Útivist um helgina

Þórsmerkurgangan, 2. ferð
sunnudaginn 28. jan.
Gengin verður gamla Seljadalsleiðin frá Árbæ upp í Leirdal, norður fyrir Reynisvatn, sunnan í Reynisvatnsási síðan austur Langavatnsheiði að Miðdal. Þetta er elsta Þingvallaleiðin og liggur hún um fjölbreytilegt vatnasvæði. Brottför kl. 13 frá Umferðarmiðstöð – bensínsölu. Verð 600 kr.
Skíðagöngunámskeið
sunnudaginn 28. jan.
Brottför kl. 13 frá Umferðarmiðstöð – bensínsölu. Vanur skíðakennari. Verð 600 kr.
Myndakvöld Útivistar verður fimmtudaginn 1. febrúar í Fóstbræðraheimilinu, Langholtsvegi 109, og hefst kl. 20.30. Margrét Margeirsdóttir sýnir myndir úr hálendisferð sumarið 1989 og myndir frá Grænlandi. Í hléi er boðið upp á góðar kaffiveitingar sem eru innifaldar í miðaverði. Aðgangseyrir 450 krónur.

Fundir

3. framkvæmdastjórnarfundur JC Íslands

verður haldinn laugardaginn 27. janúar kl. 9–18 að Skipholti 70, 2. hæð. Allir JC félagar velkomnir.

22. ráðsfundur III. ráðs ITC á Íslandi

verður haldinn í félagsheimili Kópavogs, Fannborg 2, Kópavogi, laugardaginn 27. janúar. Fundarstef: Vex vilji ef vel gengur. Fundurinn hefst kl. 9 og er áætlað að honum verði slitið kl. 16.30. Umsjónarmaður fundarins er: Jóhanna Óskarsdóttir, ITC Fífu, sími 42232. III. ráði ITC á Íslandi tilheyra ITC Þöll, Grundarfirði, ITC Ösp, Akranesi, ITC Stjarna, Rangárþingi, ITC Seljur, Selfossi, ITC Melkorka, Reykjavík, og gestgjafadeild þessa ráðsfundar, ITC Fífa, Kópavogi.